

Ávarp formanns



Ágæti lesandi.

Það er markmið KSÍ að leikmönnum, áhorfendum og fjölmiðlum verði séð fyrir vel búnum, vel staðsettum og öruggum leikvöngum sem henta fyrir íslenskar aðstæður. Bætt aðstaða áhorfenda skilar sér í betri aðsókn. Bætt aðstaða fjölmiðla skilar sér í viðameiri og betri umfjöllun og auknum almennum áhuga á knattspyrnu. Góð umgjörð eykur áhuga samstarfsaðila og skilar auknum tekjum til knattspyrnufélaga.

Óhætt er að segja að miklar framfarir hafi átt sér stað á síðustu árum hvaða varðar aðstöðu áhorfenda og fjölmiðla á knattspyrnuleikvöngum á Íslandi. Þessar framfarir eru ekki síst vegna góðs samstarfs við sveitarfélög. Sveitarfélögin hafa tekið myndarlega þátt í þessu verkefni með aðildarfélögum KSÍ og fyrir það ber að þakka.

Það þarf ekki að hafa mörg orð um það hversu mikilvægt er að tryggja öryggi og bæta ánægju áhorfenda. Knattspyrnuleikur er viðburður, upplifun sem öll fjölskyldan getur notið saman. Knattspyrnan þarf að veita viðskiptavinum sínum fyrsta flokks þjónustu til að upplifunin verði sem jákvæðust, þannig að fólk vilji koma aftur og aftur. Með útgáfu þessa bæklinga er stigið enn eitt skref í þessa átt.

Það er von KSÍ að bæklingurinn gagnist knattspyrnufélögum, sveitarfélögum og öðrum tengdum aðilum við uppbyggingu knattspyrnuleikvanga. Góður leikvangur gerir góðan bæ betri.

Geir Þorsteinsson,
formaður KSÍ



Inngangur

Bæklingur þessi er gefinn út af Knattspyrnusambandi Íslands (KSÍ) til að kynna þá umgjörð fyrir knattspyrnuleiki sem hentar við íslenskar aðstæður og sómi er að fyrir knattspyrnufélög og sveitarfélög. Markmiðið er að skapa skemmtilegt og vinsamlegt umhverfi fyrir knattspyrnuunnendur, jafnt leikmenn sem áhorfendur. KSÍ hefur á undanfórnum árum mótað þessa umgjörð í formi reglugerðar, og vill með bæklingnum hjálpa og styðja við knattspyrnufélögin í landinu við sjálfa uppbygginguna. Bæklingurinn er leiðbeinandi – hann veitir ákveðnar grunnupplýsingar og sýnir hugmyndir eða tillögur um fyrirkomulag, en ekki endanlega útfærslu. Við hönnun mannvirkis eða nákvæma útfærslu á knattspyrnuleikvangi verður að leita beint í Reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga og aðrar opinberar mannvirkjareglugerðir til að tryggja að allar kröfur séu uppfylltar.

Ávinningurinn

Góður og nútímalegur leikvangur laðar að leikmenn, þjálfara, stjórnendur og sjálfboðaliða, sem hefur það í för með sér að möguleikar á íþróttalegum árangri eru meiri. Góður leikvangur vekur athygli fjölmiðla og almennings. Góð áhorfendaaðstaða laðar að fleiri áhorfendum, ekki síst fjölskyldur, sem er lykillinn að verulega aukinni aðsókn. Reynslan erlendis sýnir t.d. að áhorfendur kunna að meta meiri þægindi, sem stuðlar að betri aðsókn. Það skiptir því máli að bjóða upp á góð sæti, þak sem veitir skjól fyrir veðri og vindum, nægan fjölda snyrtilegra salerna og góða og aðgengilega sölubása sem áhorfendur geta nýtt sér í leikhléi án þess að fara í langar bíðraðir. Betri aðsókn skilar einnig fleiri krónum í kassann. Góður leikvangur eykur einnig möguleika á auglýsingasamningum og ýmiskonar styrkjum til starfseminnar, sem eflir félagið. Góður íþróttalegur árangur getur skilað félagi í Evrópukeppni og slíkt getur gefið miklar tekjur. Það gerir þó jafnframt kröfur um aðgang að leikvangi sem Evrópukeppni geta farið fram á og uppfyllir kröfur Knattspyrnusambands Evrópu (UEFA) til þess.

Reglugerðirnar

Reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga tók gildi 1. maí 2009. Í henni koma fram þær kröfur sem gerðar eru til knattspyrnuleikvanga á Íslandi til að leikir geti farið fram á þeim á vegum KSÍ eða UEFA. Reglugerðin fjallar um sjálfan leikvöllinn, aðstöðu leikmanna og starfsmanna leiksins, nauðsynlega áhorfendaaðstöðu, aðstöðu fjölmiðla, tæknilegan búnað og annað sem máli skiptir á knattspyrnuleikvangi. Jafnframt verður knattspyrnuleikvangur að uppfylla gildandi lög og byggingareglugerðir eins og önnur mannvirki, meðal annars m.t.t. öryggismála.

Áherslan á áhorfendaaðstöðuna

Í bæklingnum er fyrst og fremst fjallað um lausnir fyrir leikvanga í flokkum B og C, og áherslan er á áhorfendaaðstöðuna. Í flokki B er að lágmarki gerð krafa um 500–1500 sæti undir þaki (endanleg tala ákvörðuð af KSÍ), og skal þakið ná yfir a.m.k. helming sætanna. Í flokki C er gerð krafa um 300 sæti, en þaks ekki krafist. Þá þarf að uppfylla ýmsar kröfur um aðstöðu fyrir leikmenn, starfsmenn leiksins og fjölmiðla, t.d. hvað varðar stærð bíningsherbergja, aðstöðu vegna öryggisgæslu og fyrir fjölmiðla, o.s.frv. Loks eru nokkur viðbótaratriði sem UEFA gerir sérstaklega kröfu um ef leikur í Evrópukeppni á að fara fram á leikvanginum. Þar sem fjallað er um slíkar kröfur í bæklingnum er UEFA tilgreint í sviga.

Flokkun leikvanganna

Knattspyrnuleikvöngum á Íslandi er skipt í 5 flokka eftir stærð, yfirborði, umgjörð, aðbúnaði, áhorfendaaðstöðu og tæknilegum búnaði. Laugardalsvöllur er eini völlumurinn sem uppfyllir allar kröfur í flokki A. Vellir fyrir leiki í efstu deild karla þurfa að lágmarki að uppfylla kröfur í flokki B og vellir fyrir leiki í 1. deild karla og efstu deild kvenna kröfur í flokki C. Flokkur D nægir hins vegar fyrir leiki í lægri deildum og yngri flokkum, og flokkur E er fyrir keppni í 7 manna liðum.

Stúkubýgging B-flokkur



Eftirfarandi skal uppfyllt á leikvangi í B-flokki, fyrir leiki í efstu deild karla:

- 01 Yfirbyggð sæti, fjöldi 500–1500, mismunandi kröfur eftir félagsliðum, lágmarkstala ákvörðuð af KSÍ. Sætin skulu vera aðskilin, númeruð og með a.m.k. 30 cm háu baki.
- 02 Búningsklefar fyrir hvort lið með aðstöðu fyrir a.m.k. 25 manns.
- 03 Dómaraherbergi með góðri aðstöðu fyrir a.m.k. 5 manns.
- 04 Herbergi eftirlitsmanns (UEFA).

- 05 Lyfjaprófunarherbergi sem er a.m.k. 20 m² og er með salernisaðstöðu og vaski.
- 06 Sjúkraherbergi með dyrum, sem leyfa auðveldu aðkomu fyrir hjólastóla og sjúkrabörur, og með góðu aðgengi að útidyrum.
- 07 Snýrtingar fyrir bæði kyn með a.m.k. einu vatnssalerni fyrir hverja byrjaða 200 áhorfendur og eina þvagskál fyrir hverja byrjaða 125 áhorfendur.

- 08 Stjórnherbergi með góðu útsýni yfir völlinn, a.m.k. 5–10 m² að stærð.
- 09 Heiðursstúka fyrir a.m.k. 50 manns.
- 10 Aðstaða fyrir heiðursgesti meðan leikurinn er ekki í gangi.
- 11 Góð aðstaða fyrir fatlaða áhorfendur með aðgangi að salernum og veitingasölu.
- 12 Aðstaða með borðum fyrir a.m.k. 10 fréttamenn.

- 13 Herbergi með 20 sætum fyrir fréttamannafundi.
- 14 Öflugt hljóðkerfi.
- 15 Góðar rýmingarleiðir.
- 16 Varamannaskýli, sæti fyrir a.m.k. 14 manns.
- 17 Bjartir litir á ganga og stigaganga.

Stúkubýgging C-flokkur



Eftirfarandi skal uppfyllt á leikvangi í C-flokki, fyrir leiki í efstu deild kvenna og 1. deild karla:

- 01 Sæti a.m.k. 300 talsins – gjarnan yfirbyggð en þess er þó ekki krafist. Sætin skulu vera aðskilin, númeruð og með a.m.k. 30 cm háu baki.
- 02 Búningsklefar fyrir a.m.k. 25 manns fyrir hvort lið.
- 03 Dómarahebergi með góðri aðstöðu fyrir a.m.k. 5 manns.
- 04 Sjúkrahebergi með dyrum sem leyfa auðveldu aðkomu fyrir hjólastóla og sjúkrabörur og með góðu aðgengi að útidrym.
- 05 Snyrtingar fyrir bæði kyn með a.m.k. einu vatnssalerni fyrir hverja byrjaða 200 áhorfendur og eina þvagskál fyrir hverja byrjaða 125 áhorfendur.
- 06 Öflugt hljóðkerfi.

Nokkrar ábendingar



Reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga kveður nákvæmlega á um lágmarksstærðir og aðrar kröfur en eftirfarandi er gott að hafa í huga:

- Ef byggja á búningsklefa, þá er æskilegt að þeir séu í aðalstúku nærri heiðursstúku, fjölmiðlaaðstöðu og skrifstofum. Ef tveir búningsklefar eru saman um sturtueiningu, þá er það góð lausn að lið hafi yfir tveimur slíkum klefum að ráða á keppnisdegi.
- Salerni fyrir áhorfendur eru æskileg í nýrri áhorfendaaðstöðu. Leið til salernis má ekki vera lengri en 120 m.
- Gera skal ráð fyrir stjórnherbergi vegna neyðaraðgerða með góðu útsýni yfir leikvang. Þetta rými má t.d. samnýta með rými vallaþuls.
- Í flokkum A og B skal gera ráð fyrir heiðursstúku sem er aðskilin frá almennum sætum, ásamt aðstöðu fyrir heiðursgesti fyrir leik og í leikhléi.
- Gera þarf ráð fyrir aðstöðu fyrir fatlaða áhorfendur og fylgdarmenn þeirra í sama rými og aðrir áhorfendur eru í, með góðum aðgangi að snyrtingum og veitingasölu.
- Lyfjaprófunarherbergi getur samnýtt með öðrum rýmum, t.d. þjálfarahebergi eða þjónað sem búningsherbergi þegar leikur í efstu deild fer ekki fram.
- Sjúkrahebergi má nota fyrir bæði áhorfendur og leikmenn.
- Í miðri aðalstúku skal gera ráð fyrir aðstöðu fyrir fréttamenn með borðum fyrir a.m.k. 10 manns.
- Aðstaða sjónvarpsmyndavéla þarf að vera fyrir miðjum leikvangi, gegnt aðalstúku og undan sólu, samanber tillögu um staðsetningu aðalstúku með tilliti til sólaráttar.
- Í flokki B skal gera ráð fyrir tveimur básum fyrir útvarps- og sjónvarpsþuli sömu megin og myndavélarnar.
- Gera þarf ráð fyrir aðstöðu fyrir fréttamannafundi (20 sæti) en samnýta má slíka aðstöðu með öðrum rýmum.
- Hljóðkerfi þarf að ná til allra skipulagðra áhorfendasvæða.
- UEFA gerir kröfu um blandsvæði („mixed zone“) milli búningsherbergja og bílastæða, þar sem blaðamenn geta haft samskipti við leikmenn. Þó að þetta sé ekki krafa í KSÍ leikjum, er ekki úr vegi að hafa þetta í huga við hönnun nýrra mannvirkja.
- Huga þarf sérstaklega að öryggismálum, rýmingarleiðum og öðru slíku við hönnun og byggingu mannvirkja af þessu tagi.
- Á Íslandi er yfirleitt heppilegast að snúa áhorfendastúkum í sólarátt. Leikir á Íslandi fara oft en ekki fram síðla dags og langt fram á haust og við slíkar aðstæður getur oft verið napurt. Sólin kemur þá til hjálpar þó hún hafi jafnframt þau neikvæðu áhrif að „blinda“ innsýn á völinn. Það geta áhorfendur þó hindrað með notkun derhúfa og sólgleraugna. Þá myndast heldur ekki skarpur skuggi inni á völinum, sem veldur vandræðum við sjónvarpsupptökur. Jafnframt þarf þó að meta hvort t.d. erfiðar vindáttir eða landfræði- eða skipulagslegar ástæður geti leitt til þess að annað fyrirkomulag sé heppilegra.
- Klappstólar eru mjög praktískir vegna auðveldari þrifa og aðgengis að sætum, en þeir eru dýrari en skeljastólar.
- Gætið þess að hönnun þaks skapi ekki kjöraðstæður fyrir óæskilegt fuglalíf.
- Leikvangurinn skal tryggilega afgirtur (2 m girðing) til að unnt sé að krefjast aðgangseyris og stjórna og sannreyna fjölda áhorfenda.
- Bílar skulu ekki staðsettir innan leikvangs, nema í skilgreindum bílastæðum og þá með viðeigandi öryggisráðstöfunum.



Sætafjöldinn!

KSÍ ákvarðar lágmarksfjölda sæta í flokki B á hverjum velli fyrir sig, og er þar tekið mið af ætlaðri aðsókn hjá félaginu sem leikur á völinum ásamt stærð og staðsetningu sveitarfélags. Ákvörðunin er endurskoðuð á fjögurra ára fresti. KSÍ mælir með að sæti séu öll undir þaki, enda er slíkt heppilegra með tilliti til veðurfars á Íslandi. Fyrir stærri leiki í Evrópukeppni, ef félag hefur komist áfram í fyrstu umferðum í forkeppni, þarf þó leikvang með minnst 3000 sætum.



Kennisnið í stúku



Hugmynd að fyrirkomulagi



Stærðir og tæknibúnaður



Leiksvæðið, þ.e. leikvöllur með öryggissvæði, skal að lágmarki vera 80 x 120 m og er þá miðað við leikvöll sem er 68 x 105 m. Áhorfendaadstaðan og önnur mannvirki verða að koma utan þessa ramma.

Auglýsingaskilti geta verið inni á öryggissvæði en skulu vera a.m.k. 4 m frá hliðarlínu vallar og 3-5 m frá endamörkum (sjá nánar í reglugerð).

Í flokki B skulu varamannaskýli rúma a.m.k. 14 manns (með 50 cm bekkjarplássi), en 10 manns í flokki C.

Öryggissvæði skal ná a.m.k. 6 m frá hliðarlínu og 7,5 m frá endalínunni og skulu 4 m vera lagðir sama eða sambærilegu efni og leikvöllurinn.

Dæmi um áhorfendastúkur á Íslandi



Sparisjóðsvöllurinn í Keflavík



KR-völlurinn



Vodafonvöllurinn að Hlíðarenda



KSÍ
KNATTSPYRNULEIKVANGAR

Leiðbeinandi upplýsingar um
byggingu knattspyrnuleikvanga á Íslandi

